

Veitur ohf
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

Garðabær, 17. september 2025
202509-0055/A.B.
08.04

Efni: Ósk um umsögn - framkvæmdaleyfi - Suðuræð frá Þingtorgi - Hundavaði og yfir Elliðaár - Veitur ohf.

Vísað er í erindi Veitna, dags. 8. september sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúruverndarstofnunar um lagningu nýs leggs Suðuræðar sunnan Breiðholtsbrautar í Reykjavík. Fram kemur að um sé að ræða DN 900 hitaveitulögn, 1,1 m í þvermál og um 1 km að lengd, sem verði lögð í jörð ásamt vinnuvegi að hluta til. Í erindinu segir að lögð verði áhersla á vandaðan frágang í samræmi við verklagsreglur Veitna.

Náttúruminjaskrá

Náttúruverndarstofnun vill benda á að innan skipulagssvæðisins er svæði á náttúruminjaskrá sem nefnist Elliðaárdalur og er númer 124 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst á eftirfarandi hátt: „Fjölbreytt náttúrufar, kjörið útivistarsvæði í þéttbýli.“

Hægt er að sjá afmörkun á svæðinu á vefsíðu Náttúrufræðistofnunar.¹

Sú afmörkun sem vitnað er í í erindinu er að öllum líkindum afmörkun hverfisverndarsvæðis aðalskipulags.

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um svæðið við gerð framkvæmdarleyfisins og það komi fram hver áhrif tillögunnar sé á það. Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdir raski ekki verndargildi svæðisins. Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd skal við ákvarðanir sem varða svæði á náttúruminjaskrá ávallt horft til verndargildis þeirra, óháð því hvort framkvæmdasvæði falli innan eða við jaðar svæðisins.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Náttúruverndarstofnun bendir á, eins og kemur fram í erindinu, að hraunið og votlendið innan framkvæmdarsvæðisins nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

¹ <https://natturuminjaskra.ni.is/>

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um náttúrufyrirbærin í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúrufyrirbærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Náttúruverndarstofnun bendir á að eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Samráð og matsskylda

Í erindinu kemur fram að Skipulagsstofnun hafi þegar tekið afstöðu til matsskyldu framkvæmdarinnar og talið hana ekki falla undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Að mati Náttúruverndarstofnunar er engu að síður nauðsynlegt að leggja mat á áhrif framkvæmdarinnar á votlendi, hraun og verndargildi Elliðaárdals og að slíkt mat verði hluti af rökstuðningi framkvæmdaleyfis.

Verklag, vöktun og frágang m.t.t. votlendis

Í erindinu er vísað til þess að Veitur hyggist fylgja verklagsreglum sínum við lagningu og frágang lagnarinnar. Ekki kemur þó fram hvaða þættir slíkra reglna ná sérstaklega til votlendis.

Náttúruverndarstofnun bendir á að mikilvægt er að verklag verði útfært með skýrum hætti í framkvæmdaleyfi, þannig að tryggt sé að vernd votlendis verði höfð að leiðarljósi.

Sérstaklega ber að nefna eftirfarandi atriði:

- Votlendi er staðsett sunnan við reiðstíg á framkvæmdasvæðinu og er mikilvægt að allar framkvæmdir, vinnuvegir og efnisgeymslur fari ekki sunnan við reiðstíginn, þannig að votlendi verði ekki raskað.
- Huga þarf að því að framkvæmdir valdi ekki þurrkáhreifum á votlendi, hvorki á framkvæmdartíma né til lengri tíma í rekstri. Þetta felur í sér að tryggt verði að

vatnsbúskapur svæðisins raskist ekki varanlega vegna skurða, dælinga eða annarra aðgerða sem geta breytt rennsli og grunnvatnsstöðu.

- Frágangur þarf að miðast við að endurheimta sem mest af upprunalegum aðstæðum eftir lok framkvæmda, m.a. með endurmótun lands, endurheimt votlendisgróðurs og vöktun á áhrifum.
- Setja þarf fram heildstæða **vöktunaráætlun** fyrir votlendi ef þörf er á sem tryggir að möguleg áhrif á vatnsbúskap verði greind tímanlega og gripið til mótvægisáðgerða ef með þarf.

Að mati Náttúruverndarstofnunar ætti verklag um vernd votlendis, frágang og vöktun að vera ófrávíkjanlegur hluti af framkvæmdaleyfi og framkvæmt í samráði við viðeigandi eftirlitsaðila.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Þórdís Björt Sigþórsdóttir

sérfræðingur